

**7. fundur nefndar um byggingu fjölnota knattspyrnuhúss  
haldinn í fundarherbergi 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 21. janúar 2019 og  
hófst hann kl. 11:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristján Þór Kristjánsson aðalmaður, Sif Huld Albertsdóttir aðalmaður og  
Sigurður Jón Hreinsson aðalmaður.

**Embættismenn:**

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

**Dagskrá:**

**1. Uppbygging knattspyrnumannvirkja á Torfnesi - 2017010066**

Lögð fram til kynningar kostnaðargreining frá Verkís hf., dagsett 15. janúar 2019, á  
fjölnota knattspyrnuhúsi sem annarsvegar er 46m x 61m og hinsvegar 46m x 70m.

*Nefnd um byggingu fjölnota knattspyrnuhúss leggur til við bæjarstjórn að byggt  
verði óeinangrað hús að stærð 46m x 70m innan byggingareits fyrir fjölnotahús á  
Torfnesi, einnig að heimilað verði í útboði að gera frávíkstilboð með einangruðu  
húsi.*

Sigurður Jón Hreinsson vill að fært sé til bókar, að hann sé ekki sammála því að þessi  
staðsetning á húsinu sé sú heppilegasta fyrir nýtingu á húsinu og framtíðar nýtingu á  
svæðinu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:05**

---

Kristján Þór Kristjánsson

---

Sif Huld Albertsdóttir

---

Sigurður Jón Hreinsson

---

Brynjar Þór Jónasson